

**Fundur skipulags- og samgönguráðs 1. júlí 2020:**

***Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins varðandi verslunarrými við göngugötur –  
US200203***

Fulltrúi Flokks fólksins spyr hvað séu mörg verslunarrými við göngugötur í miðbænum, sem losnað hafa sl. eitt og hálf ár. Spurt er um rými sem hafa losnað við bæði varanlegar göngugötur og tímabundnar? Spurt er vegna þess að fjölmargir rekstraraðilar sem ráku verslanir við þessar götur hafa flutt verslanir sínar annað eða lagt niður rekstur sinn. Fulltrúi Flokks fólksins hefur áhuga á að vita hvað mörg rými þar sem áður voru verslanir á þessu tímabili standa nú auð.